

## Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 18. september 2014 kl. 15:00-17:00 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ásdís Egilsdóttir (B&L), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnari fundi), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Valur Ingimundarson (EDDA), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Fulltrúi doktorsnema mætti ekki.

### Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.

2. *Fjármál 2014 – framlög til stofnana*: ESS kynnti niðurstöðu fyrir 2014 og í kjölfar umræðu lofaði hann að einfalda framsetningu á útreikningi. ÁE minnti á að nú fá formenn stjórna rannsóknastofnana fast framlag upp á 100.000 kr. á ári fyrir vinnu sína og lagði til að það yrði haft með í yfirlitinu framvegis.

3. *Fjármál 2015 – áætlun*: ESS kynnti áætlun fyrir 2015. Enn á eftir að fá ákvörðun um framlag sviðs til stofnana og staðfestingu á útreikningi mótframlaga. Í umræðum var m.a. rætt um hlutverk þverfaglegra stofnana sem starfa þvert á svið háskólans, framlag þeirra til rannsókna og aðgang að stuðningi sviðs.

4. *Nýjar reglur Rannsóknasjóðs HÍ*: ÁE gerði grein fyrir áætlunum um ný matsviðmið hjá sjóðnum. Til stendur að leggja niður sérstaka styrki vegna fríkaupa frá kennslu og til skráningaverkefna. Breytingarnar eru m.a. hugsáðar til að einfalda umsýslu umsókna og styrkja en samkomulag var um að það væri nauðsynlegt að standa vörð um skráningarverkefni. Þau væru mikilvæg og ættu erfitt í samkeppni við rannsóknaverkefni. Eins væri mikilvægt að geta áfram sótt um lausn frá kennslu. Eins eru áætlanir um að breyta matsviðmiðum fyrir umsóknir um styrki til doktorsnáms. Mikil samkeppni er um þessa styrki og málið því mjög mikilvægt. Meðal þess sem lagt er til er að draga enn úr vægi útgefna bóka við mat á rannsóknavirkni. Samþykkt var að gera alvarlegar athugasemdir við þessar áætlanir. ÁE tók að sér að senda skriflegar athugasemdir fyrir hönd stjórnar.

5. *Ritið – áætlun um rafræna útgáfu*: ESS kynnti. *Tímarit guðfræðinga* er nú komið í nýtt rafrænt útgáfukerfi HÍ og *Milli mála* er væntanlega á leiðinni þangað inn. Tímaritin verða framvegis aðgengileg á netinu lesendum að kostnaðarlausu. BÞ og SAB var falið að taka málið upp í ritstjórn *Ritsins* (þar sem það hefur þegar komið til umræðu).

6. *Reglur um doktorsnám*: Endurskoðun á reglum um doktorsnám er enn í gangi. ÁE kynnti stöðu mála og bað stjórnarmeðlimi um að senda skriflegar athugasemdir (ER sendi athugasemdir fyrir fund).

7. *Hugvísindaping – dagsetning*: Lagt var til að halda Hugvísindaping 2015 dagana 13. og 14. mars. Samþykkt.

4. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:00

## Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Úthlutun 2014-1

Umsókn	Fl.	Lýsing	Úthlutun
B&L-1	3	Michael Zink: fyrirlestur, málstofa, kennsla	100.000
B&L-2	1	Earth 101 - ráðstefna	300.000
B&L-3	1	Innlend ráðstefna: Matthías Viðar Sæmundsson	125.000
EDDA-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Persistence of Gender Inequalities in Conflict Prevention and Peace Processes"	300.000
EDDA-2	2	Jason Beckfield: fyrirlestur á málstofu	25.000
GUÐ-1	1	Innlend ráðstefna: Einar Sigurbjörnsson	125.000
GUÐ-2	1	Innlend ráðstefna: kvenprestar	125.000
GUÐ-3	3	Anna Carter Florence: fyrirlestur, kennsla	100.000
HEIM-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Comparative and Continental Philosophy Circle"	300.000
KONF-1	1	Innlend ráðstefna: "Transphilosophies – Sino-Western comparison"	125.000
MÁL-1	4	Tilbrigði við setningagerð	175.000
MIÐ-1	7	Þróun umsóknar í Marie Curie ITN	400.000
RIKK-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Multitude of Encounters with Asia – Gender Perspectives"	300.000
SAGN-1	1	Innlend ráðstefna: "Ísland í Danaveldi og norðurslóðir"	125.000
SAGN-2 (SJ)	5	Sverrir Jakobsson vegna greinar í Revue Historique	40.000
SAGN-3 (HP)	5	Helgi Þorláksson vegna ritgerðar í ritrýndri bók	40.000
SAGN-4 (SGM)	5	Sigurður Gylfi Magnússon vegna fyrirlesturs og greinar	40.000
SAGN-5	1	Innlend ráðstefna: Fyrri heimsstyrjöldin	125.000
SAGN-6	3	William Cronon: fyrirlestur	0
SVF-1	1	Alþjóðleg ráðstefna: "Nordic Intercultural Communication"	300.000
<b>Samtals</b>			<b>3.170.000</b>

Upphæðir eru í öllum tilfellum hámarksupphæðir. Endanleg upphæð fer eftir útlögðum kostnaði skv. reglum sjóðsins.